



**Heit og ljúffeng**

**PIZZA**

HAMRABORG  
Hafnarstræti 7 · 456 3166

Láttu ekki vandræðin verða til vandræða

Íbúðalánasjóður  
www.ils.is

Nýtt  
símanúmer  
Landsbankans  
á Ísafirði  
er

**410 4156**

Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**

**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 10. ágúst 2006 · 32. tbl. · 23. árg.

## Aðsókn eykst að Ósvör

Yfir sjö þúsund manns hafa heimsótt safnið í Ósvör í Bolungarvík það sem af er sumri. Finnbogí Bernódusson starfsmaður safnsins segir að það sé aukning frá fyrra ári þó að nákvæmar tölur liggi ekki fyrir en um það bil sex þúsund manns sóttu safnið í fyrra.

Endurbýgging húsanna kláraðist í fyrra en alltaf er veið að huga að frekari breytingum á safninu til að gera það betra og aðgengilegra fyrir gesti. Finnbogí segir að þau hús og mannvirki sem eru í Ósvör núna séu í góðu horfi en ekki sé útilokað að farið verði í frekari byggingar en ekkert sé ákveðið í þeim efnum.

Finnbogí sem er vélsmiður að mennt og hefur starfað við iðn sína í áratugi segir að sér þyki mjög gaman að vera að stússast í þessu enda eru þetta mjög ólík störf.



## Yfir 300 manns tóku þátt í sandkastalakeppninni í Holti

Um þrjú hundruð manns tóku þátt í hinni árlegu sandkastalakeppni sem fór fram í Holti í Öndarfirði á laugardag. Keppnin var haldin í ellefta skipti en hún fer fram um verslunarmannahelgi ár hvert. Allnokkur rigning var í Holti eins og víðar á Vestfjörðum en fólk lét það ekki á sig fá. Þurfti dómnefndin að hafa hraðann á í störfum sínum því einhverjir höfðu byggt kastala sína neðarlega og var mikið kapphlaup að ná að dæma áður en mannvirkin urðu aðfallinu að bráð. Steinþór Kristjánsson og Ólafur Halldórsson ásamt fjölskyldum þóttu eiga glæsilegustu bygginguna að þessu sinni og er það annað skiptið í röð sem þeir eru hlutskarpastir. Sparisjóður Vestfjarða veitti verðlaun og útbýtti að auki poka með fötum og skóflum til allra keppenda fyrir keppni.

– smari@bb.is

## Íbúum með erlent ríkisfang fækkaði um 6,7% á fimm árum

Íbúum á Vestfjörðum með erlent ríkisfang fækkaði um 6,7% frá árinu 2000 til 2005, eða úr 499 í 466. Á sama tíma fækkaði íbúum á Vestfjörðum um 4,8%, úr 7.928 í 7.551, og íbúum á Vestfjörðum með íslenskt ríkisfang fækkaði um 4,6%, úr 7.429 í 7.085. Á

fimm árum fækkaði því fólki með erlent ríkisfang úr því að vera 6,3% af Vestfirðingum í að vera 6,2% af Vestfirðingum. Einhverjir hljóta eðlilega að spyrja sig hvað valdi því að fólki með erlent ríkisfang fækki hraðar en fólki með íslenskt ríkisfang, og enn aðrir

spyrja sig vonandi hvers vegna fólki fækki á Vestfjörðum yfir höfuð.

Hlutfallslega eru flestir íbúar með erlent ríkisfang búsettir á Tálknafirði, eða 12,3%, en árið 2000 voru þeir 1,9%. Þar á eftir kemur Bolungarvík með 7,2%, en árið 2000 voru

þeir 6,8%. Þá Vesturbyggð með 7%, en var 6,5%. Næst Ísafjardarbær með 6,9%, en var með 6,1%. Annars staðar búa umtalsvert færri íbúar með erlent ríkisfang, 2,9% í Súðavíkurbæ, en var 6,4%, 1,9% í Bæjarhreppi en var enginn, 0,9% í Kaldrananeshreppi en var 0,7%, og 0,2% í Hólmavíkurhreppi en var 1,1%. Þá er enginn íbúi með erlent ríkisfang í Reykhólahreppi, en var 2,2%, enginn í Árneshreppi og var enginn í Broddaneshreppi, og var ekki þá.

– eirikur@bb.is

**„ÁHYGGJULAUS“**  
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Kongsgáttum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA  
ÞJÓNUSTA  
EIMSKIPS  
525 7800

**Samkaup** úrval

**OPIÐ:**  
virka daga  
kl. 09 - 21  
laugard. 10-21  
sunnud.  
kl. 12 - 21

Verið  
velkomin!

Samkaup úrval

**NEISTA**  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460



Haukur Davíð Jónasson, eigandi annars hússins nýtur góðrar aðstoðar vina og ættingja við smíðarnar.

## Mikið um lóðaúthlutanir og byggingarleyfi í Lundahverfi

Teknar voru fyrir fjórar umsóknir um lóðir í Hnotulundi í nýju Lundahverfi á Ísafirði í umhverfisnefnd í síðustu viku. Um er að ræða lóðirnar að Hnotulundi 1-4. Umhverfisnefnd lagði til að umsóknirnar yrðu samþykktar með þeim skilmálum sem eru í gildi og kunna að verða settir, og lét bóka að lóðaúthlutanir falli

úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist á lóðunum innan eins árs frá úthlutun þeirra. Þá var lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir parhús á lóðunum að Hnotulundi 2 og 4, og var lagt til að umsóknin yrði samþykkt.

Einnig barst umsókn um leyfi til þess að flytja hús sem nú stendur að Árvöllum 5 í

Hnífsdal, að Grenilundi 8 í Lundahverfi, og lagði nefndin til að erindið yrði samþykkt um benti á að skila þyrfti inn fullgildum byggingarnefndar-teikningum.

Sótt var um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi við Grenilund 1, og lagt til að það yrði samþykkt. Lagt var fram bréf frá umsækjanda um lóð við

Eikarlund 5, þar sem umsækjandi afsalaði sér lóðinni sem honum hafði verið úthlutað. Þá voru lagðar fram umsóknir um byggingarleyfi á lóðunum við Asparlund 7 og Asparlund 8, en þar á í báðum tilfellum að reisa einbýlishús. Lagði nefndin til við bæjarráð að umsóknirnar yrðu samþykktar. — eirukur@bb.is



Björgunarsveitarmaður sigrur niður að manningum.

## Bjargað úr sjálfheltu í Gleiðarhjalla

Erlendum ferðamanni var bjargað úr sjálfheltu í Gleiðarhjalla í Skutulsfirði á miðvikudag í síðustu viku. Hann hringdi sjálfur í Neyðarlínuuna kl. 13:05 og hélt þá Björgunarsveit Ísafjarðar og Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal í björgunarleiðangur. Maðurinn er 26 ára gamall Pólverji og áhafnar-meðlimur á skemmtiferðaskipinu Marco Polo sem kom til Ísafjarðar um morguninn.

Ákvað hann að bregða sér

í skemmtigöngu á meðan dvöl hans stóð á Ísafirði og fór það hátt að hann lenti sjálfheltu. Hann er ekki vanur fjallgöngumaður og var ekki sérútbúinn fyrir klifur. Að sögn björgunarmanna voru aðstæður þar sem maðurinn var mjög erfiðar en björgunin gekk vel. Maðurinn var ómeiddur og var komið um borð á skipið skömmu fyrir brottför þess. Vildi hann skila þakklæti til allra sem komu að björgun hans. — thelma@bb.is

## Glæsilegt skemmtiferðaskip á Ísafirði

Skemmtiferðaskipið Minerva II var við bryggju á Ísafirði á laugardag. Skipið er afar glæsilegt og segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar að það sé fimm stjörnu skip og eitt það glæsilegasta sem hann hafi komið í, íburður mikill og aðbúnaður farþega í hæsta klassa. Alls voru 655 farþegar um borð, mest Bretar en 338 voru í áhöfn sem gerir um tvo farþega á hvern áhafnar-meðlim. Það sem eftir er sumars eiga eftir að koma fjögur skemmtiferðaskip til Ísafjarðar og er Sea Princess, sem kemur þann niunda september, það stærsta, eða rúm 77 þúsund tonn. Skemmtiferðaskip hafa stóraukið komur sínar til Ísafjarðar undanfarið ár og er von á að farþegatalan nái 14.000 áður en sumarið er úti. Tekjur Ísafjarðarhafnar af komum skemmtiferðaskipa í sumar gætu numið tæpum ellefu milljónum króna ef fer sem horfir. Nú þegar hafa 23 skemmtiferðaskip boðað komu sína til Ísafjarðar á næsta ári en í sumar er áætlað að alls komi 21 skip.



Minerva II í Sundahöfninni á Ísafirði.

## Vilja hraða vinnu við aðal- og deiluskipulag

Tvær beiðnir bárust hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á dögunum um umsagnir nefndarinnar vegna umsókna um lóðir á hafnar-svæðinu á Ísafirði. Annars vegar er um að ræða umsókn Lauga ehf. um lóð á Sundahafnar-svæði á Ísafirði, en hins vegar lóðaumsókn Sigurborgar Þorkeldsdóttur um lóðir við Ásgeirsgötu.

Hafnarstjórn lét bóka að hún tæki ekki afstöðu til

lóðaumsókna fyrir en fyrir liggur aðal- og deiluskipulag fyrir svæðið og hvaða starfsemi umsækjendur ætli að reka á lóðunum. Þá benti hafnarstjórn á að þær lóðir sem Sigurborg sækir um eru í vinnu við nýtt deiliskipulag ætlaðar undir hafnsækna starfsemi, sem hefði samtvinnaða aðstöðu á hafnarkantinum, svo sem vöruskemmu eða frystigeymslu. — eirukur@bb.is

## Stóráfallalaus verslunarmannahelgi

Verslunarmannahelgin gekk stórslysalaust fyrir sig í umdæmum lögreglunnar á Ísafirði og Bolungarvík. Frá föstudegi til mánudags voru tólf teknir fyrir of hraðan akstur og sá sem keyrði hraðast ók á 142 kílómetra hraða. Tvö ungmennasamkvæmi voru stöðvuð í heimahúsum á föstudagskvöld, þau leyst upp og viðhlítandi ráðstafanir gerðar.

Þá var tilkynnt um bílstuld

í Bolungarvík á laugardagsmorgun, en bíllinn fannst óskemmdur á Ísafirði og er málið til rannsóknar. Á sunnudag kom upp eitt smávægilegt fíkniefnamál. Á mánudagskvöld valt tengivagn mjólkurbíls við Eyri í Skútufirði, engin slys urðu á fólki og tók um tvo tíma að koma honum á réttan kjöl og hélt bíllinn áfram för.

Enginn ókumaður var tekinn fyrir ölvun við akstur.

## Markaðsfulltrúinn og dýr fyrir Víkina

Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur vill ekki að markaðs- og kynningarfulltrúi verði ráðinn til bæjarins til frambúðar, en meirihlutinn ákvað fyrir skemmstu að ráða hann til áramóta eftir að hann hafði skilað greinargerð um starf sitt fyrir kaupstaðinn. Í bókun minnihlutans segir:

„Við teljum að nú liggja fyrir allar forsendur til að

taka ákvörðun um hvort ráða eigi markaðs- og kynningarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar til frambúðar. Við teljum hins vegar að staðan sé of dýr fyrir bæjarfélag af þessari stærð, en reikna má með að kostnaður vegna hennar sé 20 milljónir króna á kjörtímabilinu. Við leggjum því til að staðan verði ekki gerð að fastri stöðu hjá bæjarfélaginu.“

# Óska eftir að almannavarnanefnd fjalli um sprungugliðnun í Óshyrnu

Óskað hefur verið eftir því að almannavarnanefnd Bolungarvíkur taki til umfjöllunar gliðnun þá sem hefur verið í sprungu í Óshyrnu síðustu árin. Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, mætti á fund bæjarráðs Bolungarvíkur á dögnum og fór yfir þær upplýsingar sem liggja fyrir varðandi gliðnunina með bæjarráðsmönnum, og varð þetta úr. Gliðnunarhraði sprungunnar tvöfaldaðist á milli ára og var um fimm millimetrar á síðasta ári. Hefur þetta valdið mönnum nokkrum áhyggjum, en í skýrslu sem Vegagerðin lét gera um málið komust þeir Gísli Eiríksson, verkfræðingur, og Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur, að þeirri niðurstöðu að ekki væri líklegt, að þeirra mati, að hrundi úr fjallinu myndi breytast umtalsvert til verri vegar næsta áratuginn.

Sprungun er um 30-40 metra löng, en ekki er vitað hversu djúp hún er eða hvert hún liggur.


Á fundi bæjarstjórnar fyrir stuttu gerði Anna Edvardsdóttir það að tillögu sinni að bæjarráði yrði falið að afla nánari upplýsinga um niðurstöður mælinga á gliðnun í sprungu í Óshlíð, og jafnframt að kanna hvernig möguleg fjármögnun á viðvörumerki geti verið háttáð. Tillagan var samþykkt, og eins og áður segir kom sýslumaður á næsta fund bæjarráðs til að ræða málið.

Lögreglustjórnir í Bolungarvík og Ísafirði funduðu með fulltrúum Vegagerðarinnar fyrir skemmstu, og ræddu þar stöðu mála vegna gliðnunar sprungu í Óshlíð. Þar komust menn að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að grípa til sérstakra ráðstaf-

ana vegna gliðnunarinnar.

Fyrir tveimur árum bókfærðu tveir starfsmenn Veðurstofu Íslands, Esther Hlíðar Jensen og áðurnefndur Jóhann Hannibalsson, í minnisblaði að mögulega væri ástæða til að óttast að allstórt stykki, allt að 50-100 þúsund rúmmetrar, gæti hrundi úr brúninni yfir veginn og í sjó fram. Hættan væri hins vegar ekki yfirvofandi.

Fyrstu mælingar sem vitað er um að hafi verið gerðar á sprungunni voru gerðar árið 1923 og var hún þá rúm 30 metrar að lengd. Nú er talið að hún sé rúm 34 metrar að lengd. Í minnisblaði Esther og Jóhanns kemur fram að samtals hafi mælst um 1,2 cm gliðnun á sprungunni frá 1982 og að síðustu árin hafi gliðunahráðinn farið vaxandi því síðustu tvö ár hafi gliðnun mælst um 2mm hvort ár.



Óshlíð.

## Magni fær hákarl og harðfisk að vestan

Ómar Helgason, harðfiskverkandi hjá Vestfiski á Ísafirði sendi Magna Ásgeirssyni, áður kennan við hljómsveitina Á móti sól, en í dag þekktur sem Magni Rockstar, góðan glaðning á dögnum. Magni, sem tekur þátt í raunveruleikahátunum Rockstar Supernova í Bandaríkjunum, lýsti því yfir í fjölmiðlum að hann vantaði sárlega harðfisk, hákarl og brennivín og vinir hans brugðu á það ráð að senda honum harðfisk um hæl. Ómar segir að það hafi

verið harðfiskhallari og það hafi verið hringt í hann og spurt hvort hann gæti ekki reddað nokkrum flökum og það hafi verið auðsótt mál.

„Þau báðu mig bara um harðfisk en ég hafði heyrt að hann vildi fá hákarl líka svo ég fór inn í frysti og skar flís af hákarlsstykki sem ég á. Þá var ekki undan því komist að setja brennivínsfleyg í kassann sem ég og gerði.“ Ómar veit ekki hvort að sendingin hafi komist til skila en miðað við gengi Magna í undanförmum þáttum er það ekki ósenni-

legt, því líkur hefur fítons-krafturinn verið í kappanum.

Ómar segir að það sé mikil sala í harðfiski um þessar mundi, sumrin eru alltaf góður tími og er verslunarmannahelgin ein aðalsöluhelgi ársins. „Ég er að vísu búinn að koma öllu frá mér fyrir helgina en það er búið að vera brjáláð að gera undanfarið. Þetta kom ekkert á óvart, ég vissi í fyrra hvenær verslunarmannahelgin er í ár þannig að ég var undirbúinn“

## Einar Oddur ætlar aftur fram til þings

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi segir að það hafi aldrei staðið annað til en að bjóða sig fram aftur til Alþingis, en kosið verður í vor. Einar segir að kjördæmisþingið sem kemur saman 7. október taki ákvörðun hvernig staðið verði að uppstillingu á listann og segist hann ekki hafa sérstakar meinningar um hvaða aðferð verði beitt. Einar, sem var formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum til fjölda ára, segir að það sé ekki



öfundsvært starf að stilla upp lista enda hafi hann tekið þátt í að stilla upp einum sex listum í Vestfjarðakjördæminu gamla.

Aðspurður um næstu skref í vegagerð á Vestfjörðum segir Einar, sem er starfandi for-

maður fjárlaganefndar, að það skýrist í haust þegar fjárlög verða tilbúin. „Ég á ekki von á öðru en að það verði nein tóf á mikilvægustu framkvæmdum í vegagerð á Vestfjörðum.“ Hann stendur fast á því að um mikilvægar aðgerðir sé að ræða, útlitið var orðið dökkt og hættan orðin á langvarandi víxlverkun launahækkana og verðbólgu. „Við bjuggum við óþolandi ástand í efnahagsmálum frá 1971 til 1991 og ég held að ekki nokkur maður vilji sigla aftur inn í þann tíma“, segir Einar Oddur.

# Útsölu lok!

**25% auka afsláttur af útsöluvörum. Nýjar vörur streyma inn!**



# Er ekki með nema fyrsta stig einkenni af skíðabakteríunni

Nýverið breyttist rekstrarform Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og við starfi forstöðumanns tók Heimir Hansson sagnfræðingur með meiri. Heimir hefur verið fjarri heimahögunum í nokkur ár að afla sér meiri menntunar en er nú kominn heim til að taka á við nýtt og spennandi verkefni. Heimir er fæddur og uppalin Ísfirðingur, sonur hjónanna Hans W. Haraldssonar og Þóru Gestsdóttur. Kona hans er Dagný Sveinbjörnsdóttir og eiga þau einn son.

„Eftir að ég kláraði sagnfræðina vann ég í Safnahúsinu í Borgarnesi í tæp tvö ár en kom svo heim og fór að vinna á Byggðasafninu með honum Jóni Stigurpáls og var þar fram að hausti 2004. Þá var eiginlega komið að þeim tímapunkti að maður varð að taka ákvörðun um framtíðina og valmöguleikarnir voru tveir, kaupa hús og festa ræturnar almennilega eða fara í framhaldsnám og prófa eitthvað nýtt. Úr varð að við ákváðum að fara til útlanda í nám, eða öllu heldur ætlaði ég í nám en


Dagný vann fyrir Vísindavef Háskóla Íslands og getur tekið þá vinnu með sér hvert sem er um heiminn, svo lengi sem hún kemst í netsamband. Síðan settist ég bara við tölvuna og fór að leita á álitlegum háskólum á netinu. Stefnan var sett á Evrópu en skólakerfið þar hentaði ekki, ýmissa hluta vegna. Ameríska kerfið hentaði hins vegar mun betur og hringurinn þrengdist alltaf þar til ég fann á endanum skólann sem ég svo fór í. Skólinn sem varð fyrir valinu er í bænum Fredericton í New Brunswick fylki í Kanada og þar fór ég í masters nám í Sport Administration eða stjórnun íþróttamála eins og það myndi útleggjast á íslensku.“

## Lélegur í íþróttum en með brennandi áhuga

„Ég var alltaf ákveðinn í því að ef ég færi í frekara nám yrði það ekki í sagnfræðinni heldur langaði mig að prófa eitthvað allt annað. Það lá raunar nokkuð beint við að ég færi þá í nám tengt íþróttum

þar sem ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á þeim og hef bæði æft og starfað innan hreyfingarinnar og þá aðallega með Skíðafélaginu. Ég hef stundum sagt að ég sé lélegur í íþróttum en hafi mikinn áhuga, þannig að maður hefur einbeitt sér meira að hinum félagslega þætti íþróttanna í seinni tíð. Þetta er svona svipað og með þá sem eru ekki góðir í fótbolta en langar að vera inni á vellinum, þeir verða dómara. Svona fólk er auðvitað nauðsynlegt fyrir íþróttahreyfinguna til þess að halda batteríinu gangandi.

Námið sem ég fór í er samheiti yfir marga mismunandi þætti. Þú getur valið þér margar leiðir innan þessa náms, hrein stjórnunarfræði, markaðsmál o.s.frv. Námið seturðu saman eftir þínu áhugasviði. Flestir sem voru með mér í þessu námi voru að stúdera markaðssetningu íþróttar eða stjórnunarfræði en mitt nám þróaðist út í ferðamennsku í tengslum við íþróttir og útiivist. Það var ekkert sem ég var búinn að ákveða þegar ég fór heldur þróaðist námið í þá



## Viltu fá það reglulega?



Frá og með næstu mánaðamótum verður útgáfudegi Bæjarins besta breytt úr miðvikudegi í fimmtudag. Jafnframt verður hætt að ganga í hús og selja blaðið í Bolungarvík, Suðureyri, Súðavík, Flateyri og Þingeyri. Þar verður eingöngu hægt að nálgast BB í lausasölu í verslunum. Áskrifendur á þessum stöðum munu hins vegar fá blaðið sent heim í pósti að morgni útgáfudags

Sölustaðir BB á ofangreindum stöðum eru:

**Bolungarvík:** Samkaup Strax – Shell-skálinn – Bjarnabúð  
**Suðureyri:** Söluskáli Esso  
**Súðavík:** Víkurbúðin  
**Flateyri:** Eyrarhót  
**Þingeyri:** Söluskáli Esso

Það er mun ódýrara að vera áskrifandi auk þess sem blaðið berst árla á útgáfudegi. Hægt er að gerast áskrifandi í síma 456 4560 eða á þar til gerðu formi á [bb.is](http://bb.is)

átt. Ég hugsaði oft þegar ég var þarna að maður eigi ekkert að fara í framhaldsnám fyrr en maður er kominn á miðjan aldur. Ég upplifði þetta nám allt öðruvísi heldur en það sem ég fór í, í mínu fyrra námsmannalífi. Þetta var miklu afslappaðra, ég naut þess miklu betur sem ég var að gera. Kannski er það að ég var búinn að vera á vinnumarkaði í daggóðan tíma og var kannski skipulagðari en ég var áður fyrr. Maður lenti aldrei í þessum dæmigerðu tórnum sem maður var að baslast við í gamla daga þegar kom að verkefnaskilum og prófum.

Þetta stafaði kannski að einhverju leyti af þessu afslappaða umhverfi sem Fredericton hefur upp á að bjóða. Ég var í skólanum frá nú til fimm og þá var ég bara búinn. Ég held að ég hafi fengið miklu meira út úr þessu námi heldur en ég gerði þegar ég var á þessum hefðbundna námsaldri.“

## Ísaffjörður meiri borg en Fredericton

–Hvernig var að vera í Kanada?

„Það var reglulega fínt. Í bænum búa 50 þúsund manns og þar af eru um

12 þúsund sem tengjast háskólanum. Stór hluti stúdentanna er fólk annarsstaðar frá og á sumrin má segja að bærin tæmist. Andrúmsloftið er frekar íhaldssamt en mjög rólegt og afslappað. Farsímanotkun er til dæmis áberandi minni en hér heima. Maður var auðvitað eka Íslendingur og byrjaði á að kaupa sér gsm síma um leið og maður steig þarna niður fæti. Svo aðlagðist maður umhverfinu og ég held að hæg sé að telja á fingrum sér dagana sem kveikt var á símanum þessi tvö ár sem við dvöldumst í Kanada. En þetta á reyndar við flestalla





Umrædd lóð er fyrir neðan nýbygginguna við Hafnarstræti.

# Tæknideild falið að kanna ráðstöfunar- rétt bæjarins á svonefndri Subway-lóð

Eins og sagt hefur verið frá sótti Hallvarður Aspelund um lóðina að Hafnarstræti 17 á Ísafirði fyrir hönd Íslenska eignarhaldsfélagsins til byggingar húss sem á meðal annars að innihalda útibú frá alþjóðlegu skyndibitakeðjunni Subway. Vélsmiðjan Pristur

hafði fengið lóðinni úthlutað, en drógu svo umsókn sína til baka. Umhverfisstofnun fjallaði aftur um málið í vikunni, en nefndin hafnaði umsókninni í fyrra skiptið sökum þess að Pristur hafði þegar fengið lóðinni úthlutað. Í þetta skiptið fól nefndin tæknideild bæjar-

ins að kanna ráðstöfunarétt Ísafjarðarbæjar á lóðinni, og frestaði afgreiðslu málsins þar til það hefur verið kannað.

Skúli Sigþórsson, eigandi Subway, kom til Ísafjarðar fyrir skemmstu í leit að byggingarstað og fann þá þessa lóð, en húsið sem þarna stóð og

hafði löngum sett sterkan svip á Eyrina, var rífið í ágúst síðastliðnum. Vélsmiðjan Pristur sótti um lóðina til að byggja nýtt verslunarhús, en húsnæði Prists í gamla Straumshúsinu verður rífið í tengslum við uppbyggingu Grunnskólans á Ísafirði. Pristur ákvað svo að

flytja inn í gamla Sjallann. Aðurnefndur Skúli sótti um lóðina með þeim fyrirvara að henni yrði skilað, enda hafði Skúli fyrir því heimildir að svo myndi fara.

Hallvarður Aspelund sagði við blaðið fyrir stuttu að mikill áhugi væri fyrir því að skyndibitakeðjan opnaði útibú á Ísafirði, og sérstaklega hefði yng-

ra fólk sýnt áhuga.

Í vefkönnun sem framkvæmd var á bb.is svöruðu 436 manns því til að þau væru spennt fyrir opnun Subway á Ísafirði, eða 60,6% svarenda.

138 manns, eða 19,2%, sögðust ekki spennt og 146, eða 20,3% sagði að sér væri alveg sama.

– eirikur@bb.is

## Hvetja félagsmenn til að fylgjast með taxtahækkun

Eins og kunnugt er hækkuðu allir taxtar í samningum Verkalýðsfélags Vestfirðinga um 15 þúsund krónur á mánuði þann 1. júlí síðastliðinn. Á þessi hækkun við hjá verkafólki, verslunar- og skrifstofufólki, hjá byggingamönnum, vélstjórum í frystihúsum og í Þör-

ungaverksmiðjunni á Reykhólum, um kauptryggingu sjómanna og starfsfólks á greiðasölu- og bensínsölustöðum. Þess ber þó að geta að yfirborganir þær sem fólk kann að hafa haft ganga upp í taxtahækkunina, en þó ekki nema svo að lágmarkslaunahækkun frá júní 2005 til júlí 2006 má

ekki vera undir 5,5%.

Afkasta- eða frammistöðutengdar greiðslur, eins og til dæmis bónus í fiskvinnslu, teljast ekki yfirborgun og skerðast ekki á móti taxtahækkuninni. Sömuleiðis skal fastur bónus, sem tekur mið af afkastabónus, ekki breytast. Verkalýðsfélag Vestfirðinga

hvetur alla félagsmenn sína til að fylgjast með því að hækkunin skili sér, og biður menn að skoða launaseðlana vel.

Þeim sem vilja verða sér úti um frekari upplýsingar er bent á að hafa samband við Verk-Vest í síma 456 3190. – eirikur@bb.is

## Gerður verður göngustígur í Tungudalnum

Vegur sem gerður var þegar aðrennislíðin í Tungudalsvirkjun var lögð í jörðu verður breytt í göngustíg. Vegurinn liggur frá virkjuninni og upp að afleggjaranum frá þjóðvegnum inn á bílastæði skíðasvæðisins. Að sögn Jóhanns Birgis Helgasonar, bæjar- tæknifræðings mun stígurinn verða malbikaður en ekki er ljóst hvort það verði gert í

sumar en það fer eftir fjármagni.

Fleiri göngustígir eru ráðgerðir í Tungudal en unnið er samkvæmt deiliskipulagi. Áður en bærinn fer að vinna í stígnum mun Orkuþing Vestfirðinga þurfa að laga veginn til en í dag er hann mun breiðari en sem nemur þeim tveim metrum sem stígurinn á að vera. – smari@bb.is

### ■ RITSTJÓRNARGREIN

## Tíðindalaust á útihátíðum

Alþingismaður hefur ímprað á því að tengivagnar flutningabíla verði bannaðir. Vegakerfið er ekki í stakk búit til slíkra flutninga, segir þingmaðurinn. Betur að honum hefði komið þetta til hugar áður en stjórnmöld festust í þeirri hugmyndafræði að brýnasta lausnin í samgöngumálum landsmanna væri að leggja Skipautgerð ríkisins niður og koma öllum þungaflutningum út á þjóðvegina. Ólíklegt er að hugmynd þingmannsins fái hljómgrunn. Það sem einu sinni er á komið verður ekki aftur tekið. Sama hversu vitlaust það er; sama á hverju gengur. Um það vitna dæmi á æði mörgum sviðum þjóðlífsins; í skatta- og kvótakerfinu, svo nærtæk dæmi séu tekin; mistök sem allir viðurkenna en engum kemur til hugar að leiðrétta.

Útihátíðar um verslunarmannahelgina verða ekki aflagðar frekar en tengivagnarnir og „raðhúsin“ sem vanbúinir smábílar draga á eftir sér um þjóðvegina með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Útihátíðirnar eru komnar til að vera. Fram hjá því verður ekki horft. Útihátíðirnar eru eins og peningurinn. Á þeim eru tvær hliðar. Meðan margir segja þær dásamlegustu fjölskylduskemmtanir sem hægt er að hugsa sér, að ekki sé nú minnst á menninguna sem þær eru sagðar færa heimamönnum viðkomandi staða, sjá aðrir ekkert nema sukk og svínarí í þessum fyllirissamkomum, eins og það er orðað.

Árlega umræðu um hætturarnar sem steðja að unglíngum á útihátíðunum og heilræðafyrirlestra

vikuna fyrir verslunarmannahelgina, kunna menn orðið utanbókar. Forvarnir hér og forvarnir þar og eftirlit alls staðar. Í ár á allt að vera í lagi. Eigi að síður endurtekur sagan sig. Allt samkvæmt bókinni.

Undir lok fyrri heimstyrjaldarinnar flutti þýska útvarpið daglega sömu fréttina af stríðinu: Tíðindalaust á vesturvígstöðvunum. Sama á hverju gekk. Því er þessi tilvísun, sem færði höfundu samnefndrar bókar heimsfrægð, hér tilfærð að fréttir af útihátíðarhöldum verslunarmannahelgarinnar enduðu nær undantekningalaust, eftir að greint hafði verið frá tugum fíkniefnabrota, slagsmálum og höfuðkúpubrotum og að aldrei hefði önnur eins örtröð verið á neyðarmóttökum, að ekki sé minnst á nauðganir, á sömu setningunni: Að sögn lögreglu hefur að öðru leyti allt farið vel fram.

Spurningin snýst ekki um að banna útihátíðir um verslunarmannahelgina. Hún snýst um annað tveggja: breytt hugarfar, breytt viðhorf, breyttar fyrirmyndir; eða hvort við sættum okkur bara við þær förnir, sem hingað til hafa verið fylgífiskar þeirra? Lítum á þær sem hið óumflýjanlega.

Ætlum við að taka okkur á eða ætlum við okkur bara að una áfram við fréttina: Að öðru leyti var tíðindalaust á útihátíðum verslunarmannahelgarinnar? s.h.

# Steypuvinna hafin við Grunnskólann á Ísafirði

Frankvæmdir eru komnar á fullt við byggingu nýs Grunnskóla á Ísafirði. Byrjað er að steypa sökkla og er kominn stór byggingarkrani á svæðið. Byggja á nýja tengibyggingu á milli nýja barnaskólans og þess gamla og mun því núverandi tengibygging víkja. Einnig er áætlað að byggja viðbyggingu við gamla barnaskólann í áttina að húsinu sem áður hósti verslunina Björnsbúð en hýsir nú hárgreiðslustofu og verslun á jarðhæð.

Vestfirskir verktafar voru lægstbjóðendur í verkið og sjá um framkvæmdina sem á að vera tilbúin haustið 2008. Þá er einnig að vera rífa upp Kaupfélagsplanið en það hefur verið leiksvæði grunnskólabarna undanfarin ár en gamalt malbik var á því ásamt því að það var steypað hluta en helluleggja á planið og mun það áfram vera leiksvæði.

– smari@bb.is



Byrjað er að steypa sökkla nýbyggingarinnar.



Þar sem dansinn dunaði áður dynja nú hamrahögg og gnistir í sagarblöðum og slípirokkum meðan iðnaðarmenn standsetja nýja verslun Þrists.

## Sjallanum breytt í verslun

Sjálftæðishúsið, sem gegnt hefur hlutverki skemmtistaðs Ísfirðinga og nærsveitunga svo lengi sem elstu menn muna, en þeir muna nú ekki neitt eins og séra Baldur í Vatnsfirði sagði, hefur skipt um hlutverk og mun í framtíðinni hýsa verslun Þrists. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsinu undanfarin enda eru innréttingar og skipulag skemmtistaðar ekki hentugar fyrir verslunarrekstur.

Gólfið undir dansgólfinu

verður tekið niður í götuhæð að mestu, nýir gluggar settir í framhlið hússins sem og ný hurð. Ekki er ákveðið hvenær verslunin flytur en það verður á næstu mánuðum. Þristur verður áfram með verslun í húsnæði vélsmiðju sinnar. Þá hefur Þristur einnig sent inn erindi til bæjaryfirvalda þess efnis að gangstétt fyrir framan húsið verði endurgerð þar sem ástand hennar sé ekki viðunandi.

– smari@bb.is



Íslenski fáninn blakti á báðum göflum hússins á meðan starfsmenn Ágústs og Flosa voru að steypa síðustu steypuna.

## Reisugilli við Hafnarstræti

Íslenski fáninn blakti við hún á nýbyggingunni í Hafnarstræti á Ísafirði á fimmtudag. Starfsmenn Ágúst og Flosa ehf., luku þá við að setja síðustu sperruna í húsið og eins og lög og hefðir gera ráð fyrir hélt fyrirtækið þeim reisugilli með tilheyrandi kaffi og bakkelsi. Lúther Ólason hjá Ágústi og Flosa segir að reisugillin í dag séu ekki svipur hjá sjón miðað við hvernig þau voru áður þegar iðnaðarmenn duttu hressilega í það í kaffiskúrnum að gömlum íslenskum sið. Það er svo smekksatriði hvor að um fram- eða afturför er að ræða. Talsverðar tafir hafa orðið á húsinu og segir Lúther að margt spili þar inn í. Eitthvað tafðist verkið vegna veðurs í vetur og segir Lúther að mánaðartöf á svona verki sé í rauninni ekki mikið.

– smari@bb.is

## Sumarvertíðin fór rólega af stað hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar

Sumarvertíðin hefur verið ágæt hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar á Ísafirði en þau eru með þrjá báta í ferðum um Djúp, Jökulfirði og Hornstrandir. Að sögn Guðrúnar Kristjánsdóttur (Kiddýjar) byrjaði sumarvertíðin rólega vegna leiðinda tíðarfars og mikið var um afbókanir hjá íslenskum ferðamönnum en útlendingarnir skiluðu sér. Þegar veður fór að skána í júlí jókst traðffkin til muna ásamt því að knattspyrnusjúkur karl-

peningurinn fékkst loks út úr húsi eftir mánaðardvala fyrir framan viðtækin, en þekkt er meðal ferðapjónustuaðila að stórum íþróttaviðburðum stendur eins og HM.

Guðrún segir veðrið hafa verið yndislegt undanfarin vikur og sjólag gott og þá er ekki að spyrja að því að fólk sækir í að komast í sæluna inn í Vigur, Jökulfirðina eða norður á Strandir. Talsverð umferð skemmtiferðaskipa hefur ver-

id á Ísafirði í sumar og tvöfaldaðist farþegafjöldinn milli ára og segir Guðrún að það hafi mikið að segja. Síðasta skemmtiferðaskipið kemur í september og segir Guðrún ekki vita hvað eigi að gera fyrir þá farþega þar sem ferðamenn sem fara inn í Vigur séu fyrst og fremst að skoða fuglalífið en það verður búið að minnka allverulega þegar kemur fram í september. „Ætli við verðum ekki að vera með skemmtiatriði fyrir fólkid“,

segir Guðrún.

Fækkun hefur orðið á farþegum sem fara með fyrirtækinu í Hornstrandafriðlandið en í fyrra en hvort fækkun hafi orðið á ferðamönnum þar er ekki gott að segja því fleiri aðilar sinna ferðum inn á friðlandið. „Það er fínt hljóð í okkur og við þökkum Guði fyrir að það er ekkert bilerí á bátunum en það er það versta sem getur komið fyrir þegar vertíðin er svona stutt“, segir Guðrún.

– smari@bb.is



### Starf ritara við MÍ

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir ritara í fullt starf.

Ritari er aðstoðarmaður skólameistara í daglegri umsýslu skólans, annast afgreiðslu og síma-vörslu og veitir upplýsingar um skólalastarfið auk almennra skrifstofustarfa. Leitað er að liprum starfsmanni með þjónustulund og hæfni í samskiptum. Ritarinn þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst nk. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist Menntaskólanum á Ísafirði, pósthólf 97, 400 Ísafirði.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR.

Allar nánari upplýsingar veitir Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, skólameistari, sími 450 4400.

Skólameistari.

### Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og bb.is frá og með mánaðarmótum ágúst/september. Viðkomandi þarf að hafa góða íslensku kunnáttu, geta unnið sjálfstætt og hafa góða þekkingu Vestfirðum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.



# Það má aldrei gefast upp fyrir þessum mikla vágesti

Í húsi í Súðavík sem er á sínum þriðja grunni, byggt norður á ströndum, flutt til Súðavíkur og aftur flutt til innan þorpsins eftir flóðið, býr Þorsteinn

Haukur Þorsteinsson ásamt sambýliskonu sinni, Lilju Kjartansdóttur og hundinum Bassa. Það er ekki langt síðan Haukur flutti vestur ásamt Bassa sem nú er komin á eftirlaun eftir dygg störf í þágu Tollgæslunnar. Hann hefur komið sér vel fyrir á þeim stutta tíma sem hann hefur verið hér og ekki setið auðum höndum. Hauki er margt til list lagt, en baráttan gegn fíkniefnum er sem rauður þráður í lífi hans. Þeir félagar, Haukur og Bassi fundu á sínum tíma í Tollgæslunni mikið magn fíkniefna áður en þeir helguðu sig alfarið forvarnarstarfi. Flestir Vestfirðingar ættu kannast við bróðir Hauks, Guðjón (Gauja) Þorsteins körfuboltafrómuð og þeir bræður eru eins að því leyti að ekki skortir á eldmóðinn þegar kemur að hugðarefnum þeirra þó ólík séu.

„Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík og bjó út um allt á höfuðborgarsvæðinu. Að lokinni hefðbundinni skólagöngu þá fór ég að vinna í tiskuvörverslun og var þar í fimm ár og starfaði meðal annars sem tiskumódel og við tiskusýningar samhlíða því. Ég var fjögur ár í banka, var þar gjaldkeri og önnur fjögur ár í veit-ingabransanum en þaðan lá leið mín í Tollgæsluna þar sem

ég var í 18 ár.“

–Það er engin tilviljun að þú fórst í Tollgæsluna?

„Nei, afi minn var í löggæslunni en hann dó mjög ungur. Pabbi var lögreglumaður í Reykjavík í 39 ár og ég er 31 árs þegar ég geng til liðs við tollgæsluna í Reykjavík og það er nokkuð sem ég sé aldrei eftir því þetta var geysilega góður skóli, ég vann með miklið af úrvals fólki, bæði lög-

reglumönnum og tollvörðum.

Ég var í leitar- og rannsóknardeildinni í nfu ár og þaðan lá leiðin í fíkniefnahundapjálfun sem ég lærði á fjölda námskeiða í Danmörku og Noregi og starfaði einnig sem leiðbeinandi í Tollskóla ríkisins“

–Hvernig stóð á að þú fórst í hundana?

„Ég hef átt hunda alla mína ævi og það voru tvær hundastöður lausar og það að hafa umgengist hunda frá barnsaldri er talinn mjög góður grunnur fyrir starfið. Ég hafði mikinn áhuga á starfinu og var svo heppinn að fá það. Ég fór á fjögur námskeið í Danmörku, eitt í Noregi ásamt því að þjálfarar komu til Íslands að kenna okkur. Minn besti æfingafélagi var Sigurður Jónsson rannsóknarlögreglumaður og við brutum blað í sögu þessara tveggja löggæslustofnana því að lögreglumaður og tollvörður höfðu aldrei áður æft saman. Við settum upp æfingar hvor fyrir annan, ég í mínu umhverfi og hann í sínu og með því náðum við að víkka reynsluheim hvors annars. Toll-

gæslan leitar á landamærunum, á hafnarsvæðum, pósti, í bílum sem koma til landsins, á flugvöllum o.s.frv. Lögreglan er í húsleitum og eru meira á vettvangi hins almenna borgara. Við Sigurður græddum mikið á fyrirkomulagi okkar.“

–Var Bassi með þér allan tímann?

„Já, ég fékk hann fjögurra mánaða gamlan í Danmörku. Fór út og var með hann fyrst í tveggja vikna grunnþjálfun. Ég flýg með hann heim þar sem við fórum til Hríseyjar í einangrun og ég var með honum þar. Hann var í langan tíma í Hrísey og ég fylgdist grannt með honum og áttum við strax geysilega sterkt samband. Síðan komum fórum við til Reykjavíkur og við héldum áfram grunnþjálfun. Um haustið kemur danski yfirhundaþjálfarinn okkar þegar Bassi er tíu mánaða gamall og tók hann í grunnpróf og hann var það ánægður með þann árangur sem hafði náðst, að hann gaf okkur leyfi til að byrja að vinna. Þannig að Bassi var farinn að leita að fíkniefnum

þegar hann var bara 11 mánaða gamall sem er alveg einsdæmi. Í prófinu fór hann í gegnum allar þrautir sem lagðar voru fyrir hann, nánast engin efni fóru fram hjá honum. Vorið 1998 fór þegar hann er á öðru ári fór Bassi í svokallaða góðkenningu eða úttektarpróf sem er yfirlýsing um að hundar séu fullþjálfadur fíkniefnahundar og hann fékk 63 stig af 64 mögulegum stigum. Ég var alveg óskaplega stoltur og danski yfirhundaþjálfarinn ekki síður því að hann valdi Bassa á sínum tíma og það er ekki þannig að næsti hundur sé tekinn. Hann fór í gegnum nokkur got áður en hann valdi Bassa. Þegar valdir eru hvölpur til að þjálfa sem fíkniefnahunda eru ýmsir skapgerðarþættir skoðaðir og margt fleira.“

–Hvað heldurðu að Bassi hafi fundið mikið af fíkniefnum á sínum ferli?

„Ég veit það ekki almennilega. Hann fann á sínum tíma eitt mesta magn af amfetamíni sem hefur verið lagt hald á, hann átti stærsta e-töflu fundinn. Ég veit ekki hvort þessi

met standi ennþá en það er alltaf erfitt að tala um magn en hann fann, einsog við segjum gjarna, umtalsvert magn af fíkniefnum. Og það sem mér finnst skipta meira máli, hann eyðilagði daginn fyrir fullt af fólki. Það sem fólk gleymir stundum varðandi fíkniefnahunda, það er að þeir eru björgunarhundar. Þeir bjarga mannslífum þegar þeir finna fíkniefni sem annars hefðu farið á götuna. Fólk gerir sér ekki almennilega grein fyrir því hvað Bassi er merkilegur því að árið 1999 þegar hann er búinn að vera tvö ár í leitinni þá er hann kominn í forvarnarstarf.“

## Hinn sannkristni Bassi

„Ég hef verið í félagsstarfi með ungu fólki sem hafði lent illa í fíkniefnum og þegar ég byrja að vinna við fíkniefnaleitina þá fór ég að sjá hluti sem eru alveg skelfilegir. Við vorum oft í húsleitum með fíkniefnadeild lögreglunnar og það varð kveikjan að því að ég fékk leyfi tollstjórans í





## Smáauglýsingar

Vantar þig varahluti í Volvo 460? Þá er einn til sölu. Upplýsingar í síma 897 3733.

Hlíðarvegspúkar! Hlíðarvegspúkapartíýið verður laugardaginn 12. ágúst kl. 19 á sama stað og síðast. Varðeldur, grill og söngur. Takið með ykkur gesti. Mætum öll með góða skapið!

Til sölu er X-18 Gallaway golfsett ásamt tösku. Upplýsingar í síma 866 7579.

Til sölu er Jeep Grand Cherokee árg. 99, 5,9 ltr. vél. Einn með öllu. Uppl. í síma 869 8999.

Til sölu er Subaru Impreza árg. 97. Uppl. í síma 864 6551.

Við sjöustu dósasöfnun hjá 5. flokki kvenna hjá BÍ, fannst Blaupunkt vídeóvél í poka ásamt ýmsum fylgihlutum. Upplýsingar í síma 863 4721.

Svört budda með Bacob korti og peningi í fannst á gervigrasvellinum á Torfnesi. Eigandinn getur vitjað hennar á skrifstofu Bæjarins besta.

Vegna flutninga og skólagöngu er til sölu Ford Explorer Sport Track árg. 2002 og lítið notuð þvottavél. Uppl. í símu 587 3707 eða 867 0361.

Námsmann vantar herbergi á leigu á Ísafirði í vetur, helst sem næst Tónlistaskólanum. Uppl. gefur Bórkur í síma +358(0)4573433008.

Til sölu Toyota Land Cruiser árg. 1999 (00). Uppl. í síma 861 2265 og 456 7564.

Afmæll



Magnús Þorgilsson, oftast kallaður Maggi kroppur, varð 65 ára 8. ágúst. Af því tilefni verður opið hús hjá honum í „Ömmuhúsi“ að Aðalgötu 12 í Súðavík, laugardaginn 12. ágúst frá kl. 20:00. Allir eru velkomnir!

# Vestfirskir skógabændur sigruðu á hálandaleikum í Skotlandi

Vestfirskir skógabændur komu, sáu og sigruðu á Lochaber hálandaleikum í Fort William, en þeir voru staddir í Skotlandi í námsferð. „Eftir hefðbundinn sekkjapípuleik og staurakast kom að hápunktinum, alþjóðlegri nfu liða keppni í reiptogi. Vasklegt lið Íslendinganna kom öllum á óvart, sigraði Svía auðveldlega og hafði lítið fyri því það leggja sjálf Evrópusambandið. Í úrslitakeppninni mættu Vestfirðingarnir belgískum beljökum sem greinilega höfðu ætlað sér sigur. Þeir máttu sín samt lítills gegn íslensku „skógarhöggsmönnum“ og voru dregnir léttilega í þrígang yfir markið“, segir í tilkynningu.

Hinn þekkti plötusnúður, Sir Jimmy Savile, afhenti verðlaunin sem var lokað umslag og viskíflošku á hvern hinna átta liðsmanna. Að sögn mótstjórans áttu síðasta orðið og tjáði áhorfendum að úrslitin hefðu ekki átt að koma neinum á óvart, sterkasti maður heims væri Íslendingur og hefði samt ekki komist í liðið og framvegis skyldu Skotar muna það í hvert sinn sem þeir opnuðu sardínudós að það eru þessir karlar sem troða í dósirnar.

Vestfirðingarnir mættu æstum aðdáendum er þeir komu stórborgarinnar Glasgow, sem kröfðust eiginhandararitunar, en áhorfendur töldu þessa sterku menn vera skógarhöggsmenn.

- thelma@bb.is



Sigurliðið með sigurlaunin.

## Mótmæla fjölgun í fastanefndum

Meirihluti bæjarstjórnar í Bolungarvík lagði til fljótlega eftir kosningar að nefndarmönnum yrði fjölgað í tveimur af fastanefndum bæjarins, annars vegar atvinnuáráði og hins vegar íþrótt- og æskulýðsráði. Áður sátu þrír í hvorri nefnd, en nú eiga að sitja fimm menn í hvorri nefnd.

Við fyri umræðu í bæjarstjórn sátu bæjarfulltrúar minnihlutans hjá, en meirihlutinn greiddi atkvæði með tillögunni. Við seinni umræðu

greiddu bæjarfulltrúar minnihlutans svo atkvæði gegn tillögunni og lögðu fram eftirfarandi bókun: „Við teljum ur af fastanefndum bæjarins, úr þremur fulltrúum í fimm sé óþörf og einungis til þess fallin að auka kostnað sveitarfélagsins sem er þó ærin fyrir.“

Bæjarfulltrúar meirihlutans greiddu hins vegar aftur atkvæði með tillögunni, og höfðu því yfirhöndina með fjórum atkvæðum gegn þremur.

- eirikur@bb.is

## Einar Kristinn gefur kost á sér í vor

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi hyggst gefa kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi í kosningunum í vor. Hann segir að ekkert annað standa til og vonast til að hljóta stuðning í eitt af efstu sætum en hann skipaði annað sætið á lista flokksins í síðustu alþingis-

kosningum.

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu kemur saman 7. október og ákveður hvernig verði háttáð með niðurröðun á lista sjálfstæðismanna og segir Einar að hann hafi ekki sérstakar skoðanir því hvaða aðferð verði beitt, hann taki því sem ráðið ákveði. Einar er bjartsýnn fyrir kosningarnar, telur að flokkurinn standi vel að vígi í kjördæm-

inu og hefur fyrir sér í því niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Einnig segir hann að mikill einhugur ríki í þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og menn vinni vel saman. Einar hefur setið á þingi frá því árið 1991 og 27. september síðastliðinn var hann skipaður sjávarútvegrráðherra.

- smari@bb.is

### STAKKUR SKRIFAR

## Með augum farþegans

Margt hefur verið gert til að fegra bæjarmynd höfuðstaðar Vestfjarða. Ísafjörður er kjarni Ísafjarðarbæjar, en sveitarfélagið hefði að sjálfsgöðu átt að heita Ísafjörður. Það er útrúður. Áhugi á umhverfi og snyrtimennska hefur aukist um Ísafjarðarbæ allan, öllum til gleði. Miklar framkvæmdir standa yfir í Skutulsfjarðareyri. Hús barnaskóla rís, byggt er í Hafnarstrætinu og enn er framkvæmt við Edinborgarhúsið. Tilhlökkunarefni er þegar því lýkur. Eitt skemmtilegasta húsaþorp á Íslandi er í Neðstakaupstað, ekki stórt en fagurt og býr yfir sögu. Aðkoman er ekki sérlega fögur úr bænum en ófegurri af sjó.

Gleðiefni er hve mörg skemmtiferðaskipi koma til Ísafjarðar. Gaman er að taka á móti fólki utan úr heimi og sýna því hið besta er bærinn hefur að bjóða. Snöggjum er þó verra hvernig hlíð langferðalanganna að bænum er. Sé gengið um hafnarsvæðið verður ekki sagt að snyrtimennska og glæsileiki sé í fyrirrúmi. Eftir nokkrar ferðir um höfnina er helst hægt að ímynda sér að verið sé að bjóða gestum í ruslkompu heimilisins. Alls kyns vélar, tæki og skran blasir við þeim sem stendur hátt uppi í glæsilegu skemmtiferðaskipi og lítur yfir land Sundahafnarinnar. En það er bara byrjunin. Sama er hvort gengið er upp til miðbæjarins, upp eyrina, eða í hina áttina að Neðstakaupstað.

Draslaralegt umhverfi gín við á báðum leiðum.

Viljum við taka á móti útlendum og innlendum ferðalöngum með þessari sýn? Er það raunin að okkur þyki þetta sjálfum í lagi? Ætla má að svarið við báðum spurningum sé skýrt og klárt nei. Hvers vegna lætur þá stjórn Ísafjarðarhafna þennan sóðaskap líðast? Útilokað er að hafnarstjórn og hafnarstjóra standi á sama hver ímynd langförella gesta sé af Ísafirði. Hér verður að grípa í taumana strax þótt of seint sé vegna þeirra sem farnir eru hjá garði.

Við hljótum öll, bæjarstjórn, hafnarstjórn og síðast en ekki síst íbúar að sýna bestu mynd bæjarins. Til þess að svo verði þurfa allir að taka höndum saman og útrýma rusli og sóðaskap. Skorað er á bæjarstjórn og hafnarstjórn að taka á þessum leiða bletti á ásjónu Ísafjarðar. Okkur er skylt að sýna strax að í Ísfirðingum býr ekki sóðapíki. Súðvíkingar hófu að hreinsa til á Garðstöðum í Ögursveit og færa burt bílhæin sem þara hafa stungið í augu alltof lengi. Þriðjungur er farinn, mikið eftir, en viljinn og getan eru skýr. Vart eru Ísfirðingar síðri í snyrtimennsku. Fordæmi nágranna okkar á að verða okkur að kenningu og hvetja til dáða við hreinsun á landi Sundahafnar og reyndar allst staðar í bænum, jafnt við Ísafjarðardjúp og vestan heiða. Sýnum gestum okkar og ekki síst okkur sjálfum þá virðingu að ganga vel um.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Læknishúsið á Hesteyri.

# Hátt í 100 manns í kjötsúpuferð

Árleg kjötsúpuferð var farin til Hesteyrar í Jökulfjörðum á laugardag og heppnaðist hún þrýðisvel að sögn Gylfa Ólafssonar framkvæmdastjóra Vesturferða sem skipulagði ferðina. „Ferðin gekk þrýðilega og hátt í hundrað manns fóru í hana, en við erum ekki komin með nákvæma tölu. Veður var milt og þurrt að mestu leyti og Birna Pálsdóttir og niðjar hennar elduðu mjög bragðgóða súpu.“

Kjötsúpan var matreidd að hætti Bolvíkinga í Læknishúsinu en að mestu leyti fór ferðin fram undir berum himni. Að loknu kjötsúpuáti var farið í leiki og kveiktur varðeldur áður en menn héldu saddir og sælir til byggða um miðnæturtil. „Það var fjör framundir miðnætti og öruggt er að segja að kjötsúpuferðin hafi ekki sviðið nokkurn mann“, segir Gylfi.

Áður fyrr munu kjötsúpuferðir úr Bolungarvík til Hesteyrar hafa verið árlegur viðburður en síðan lögðust þær niður um árabil. Þær voru teknar upp á ný frá Ísafirði á síðasta áratug og hafa notið mikilla vinsælda síðan. *– thelma@bb.is*



Aðalheiður Jóhannsdóttir og Lúter Ólason voru meðal ánægðra gesta í kjötsúpuferðinni.



Hátt í hundrað manns fóru í kjötsúpuferð til Hesteyrar.

# Stefnir í betra ár í ferðaþjónustu á Vestfjörðum en í fyrra

Allt stefnir í að ferðamönnum sem heimsækja Vestfirði muni fjölga á milli ára. Heimir Hansson forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði segir að toppnum hafi verið náð í sumar en þess ber þó að geta að nokkur

skemmtiferðaskip eiga eftir að koma, það síðasta í september. „Mér heyrir almennt á fólki í ferðaþjónustunni að einhver aukning hafi orðið milli ára þó að endanlegar tölur liggi ekki fyrir. Veður í byrjun sumars setti strik í reikninginn sem

og HM í fótbolta.“ Heimir segir að hlutfall íslenskra og útlenskra ferðamanna sé mjög breytilegt eftir ferðaþjónustuadilum en á Ísafirði er hlutfall útlendinga mjög hátt vegna skemmtiferðaskipana. Vesturferðir hafa undan-

farin ár rekið upplýsingamiðstöðina samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ og Ferðamálastofu en bærinn hefur nú alfarið tekið við rekstri hennar. Upplýsingamiðstöðin er landshlutamiðstöð. *– smari@bb.is*



## TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL löggiltur fasteignasali

Hálfarstræti 1 • Ísafirði • Sími 458 3244  
Faxi 458 4547 • Netfang: eign@fvi.is  
Heimasíða: www.fvi.is



190 m<sup>2</sup> stírnýtt og endurbúið á tvímenningarbaðum með innbyggðum bílökum, möguleiki á að hafa fimm sveitferðir.

18.700.000,-



13 m<sup>2</sup> þrjúgar herbergja íbúð á jarðhúð í fjölbýlihusi, óþengd ír stöfu heit og í garði, sér geymsla í sandgröf og samvægilegt þvottabúð á jarðhúð.

6.700.000,-



Sveitnýtt reitur á tvímenningarbaðum með ómörkuðu rúlfli og innbyggðum bílökum. Samtals 216,5 m<sup>2</sup> þar af er jarðhúð 81,7 m<sup>2</sup> með bílökum sem er 25,1 m<sup>2</sup>, eðli hátt er 84,8 m<sup>2</sup> og rúlfli er 50 m<sup>2</sup>.

19.500.000,-



100 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á 3. hæð til vinstri í fjölbýlihusi ásamt 17 m<sup>2</sup> stírnýttu í kjallara, nýtt parket, nýr hitakalur og ný eldheleinging, baðherbergi nýlega uppgrætt.

12.500.000,-



150 m<sup>2</sup> stírnýtt og byggt ír stírnýttu árið 1977 ásamt 60,3 m<sup>2</sup> bílökum. Húsið er nýlega málátt að utan.

15.500.000,-



86 m<sup>2</sup> parkis í Nábark, byggt ír tímabili árið 1997, með sveitferðir.

7.500.000,-



199,5 m<sup>2</sup> stírnýtt og reitur á tvímenningarbaðum með hlýgryfju. Nýtt húð hússins var byggt árið 1979 samkvæmt FMK. Mjög gott útsýni yfir fjörðum.

16.000.000,-



194 m<sup>2</sup> stírnýtt og endurbúið á tvímenningarbaðum, eldheinging og klætt með stóru klæðingum, mikið endurgryfju, nýtt eldheinging.

13.000.000,-

**Það er ódýrara að vera áskrifandi!**



## Liðveisla

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir starfsfólki í liðveislu fyrir nemendur á starfsbraut skólans. Skriflegar umsóknir berist umsjónarmanni brautarinnar, Menntaskólamanum á Ísafirði, 400 Ísafjörður.


Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður brautarinnar í síma 861 4677 eða á netfanginu [emil@fvi.is](mailto:emil@fvi.is)

## Forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur

# Hefur ekki rétt til að sitja fundi bæjarráðs

Forseta bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar er ekki heimilt að taka sér einhliða setu á fundum bæjarráðs sem áheygnarfulltrúi, nema hann sé sérstaklega boðaður til þess. Þetta kemur fram í svari Félagsmálaráðuneytinu við fyrirspurn um heimild um slíka fundarsetu.

„Á fyrsta fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur þann 22. júní s.l., kom fram í máli forseta bæjarstjórnar að forseti hefði áhuga á því að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurætt, án þess að vera þar kjörinn fulltrúi. Kvaðst forseti mundu leita álits Félagsmálaráðuneytisins á málinu, þar sem ekki væri ljóst að heimild til slíkrar fundarsetu forseta



Bolungarvík.

væri fyrir hendi. Forseti sat eftir það fundi bæjarráðs, að því er virðist að eigin frumkvæði og án athugasemda formanns bæjarráðs“, segir í bókun sem Elías Jónatansson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram á síðasti


fundu bæjarráðs.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ákváðu í kjölfarið að senda fyrirspurn til ráðuneytisins, þar sem ekki lá fyrir neim álitsgerð frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi málið. Í svari ráðuneytisins segir meðal annars: „Samkvæmt framansögðu er ljóst að forseti bæjarstjórnar hefur ekki stöðu sinnar vegna rétt til að taka sér einhliða setu á fundum bæjarráðs sem áheygnarfulltrúi. Bæjarráð getur hins vegar ákveðið að boða hann á einstaka fundi til viðræðna um tiltekin mál.“

Þar segir jafnframt: „Þar sem fyrir liggur að meirihluti bæjarstjórnar hafði efasemdir um hvort heimild væri fyrir

fundarsetu forseta sem hér um ræðir, efasemdir sem ástæða þótti til að bera undir Félagsmálaráðuneytið, þá hlýtur það að vekja furðu að mánuði seinna hafði engin slík fyrirspurn borist ráðuneytinu. Sérstaklega vekur það furðu í ljósi þess að engin tilraun var gerð af hálfu meirihlutans til að benda á heimild til slíkrar fundarsetu í bæjarmálasamþykkt Bolungarvíkurkaupstaðar eða í sveitarstjórnarlögum, heldur virðist svo sem að um geðþóttaákvörðun hafi verið að ræða.“

Þess má geta að samkvæmt svari ráðuneytisins hafði því ekki borist fyrirspurn frá Bolungarvíkurkaupstað varðandi málið. — *thelma@bb.is*



## Leiksvæði í Holtahverfi

## Kostnaðurinn um 10 milljónir

Framkvæmdir við byggingu leiksvæðis og sparkvallar í Holtahverfi á Ísafirði ganga vel, en þeim á að vera lokið fyrir veturinn. „Bærinn er nú að vinna jarðvegsvinnuna, svo sem að leggja dren og undirlag, og að því loknu munu íbúasamtökin taka við vinnunni. KSÍ kemur svo á næstunni með gervigrasið“, segir Svavar Þór Guðmundsson, stjórnar- meðlimur í íbúasamtökum Holtahverfis sem leggja fram vinnu og tæki að verðmæti 2,6 milljón krónur.

Auk þess kemur 7,5 milljón

ón króna framlag til verksins frá Ísafjarðarbæ. Sparkvöllurinn verður 18 x 33 metrar að stærð. Tæknideild Ísafjarðarbæjar gerir ráð fyrir því að heildarkostnaður við uppsetningu vallarins og endurnýjun leiktækja verði liðlega tíu milljónir króna. Íbúasamtökin voru stofnuð 1. apríl sl. og er tilgangur þeirra að bæta og fegra umhverfi, aðstöðu og mannlíf í Holtahverfi. Í Holtahverfi búa nú um það bil 550 íbúar og þar af um 150 börn. Hverfið var byggt um fyrir um 30 árum síðan.

# Hefur borgað þrjár milljónir í leikskólagjöld á sjö árum

Guðbjörg Halla Magnadóttir, fjögurra barna móðir á Ísafirði, hefur skrifað Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar opið bréf þar sem hún segir farir sínar ekki sléttar. Segir hún í bréfi sínu að leikskólagjöldin á Ísafirði séu of há, og nefnir hún að nú þegar hafi hún, lauslega áætlað, borgað þrjár milljónir í leikskólagjöld á síðustu 7 árum og eigi þó enn eftir að borga fyrir einn dreng í heilt ár. Samkvæmt yfirliti Alþýðusambands Íslands frá því í upphafi árs voru gjöld fyrir átta tíma vistun með fæði á leikskóla hæst í Ísafjarðarbæ, ef borði var saman við fimm-tán fjölmennustu sveitarfélög landsins.

Gjaldið var þá 33.050 kr. og fyrir forgangshópa (einstæða foreldra og námsmenn) 24.213 kr. Lægsta almenna gjaldið fyrir samskonar þjónustu var á Akureyri þar sem almennt gjald var 22.325, og fyrir forgangshópa var lægsta verð í Reykjavík eða 13.050 kr. Þá hafði munur á hæsta og lægsta almenna gjaldi eftir sveitarfélögum vaxið á milli ára, úr 44% í 48%, en munur á hæsta og lægsta gjaldi fyrir forgangshópa hafði vaxið úr 48% árið 2005 í 85% í byrjun árs 2006.

Í bréfi Guðbjargar segir: „Í lok apríl árið 1999 ákvað ég að flytja aftur heim til Ísafjarðar með mína fjölskyldu, eiginmann og þrjú unga syni.

Síðan þá hefur einn sonur bást í hópinn svo nú er ég stolt móðir fjögurra drengja. Það er gott að ala upp börn á Ísafirði en því miður er ein undantekning þar á. Leikskólagjöldin í fallega bænum okkar eru með þeim hæstu á landinu. Lauslega áætlað hef ég borgað 3.000.000 í leikskólagjöld síðan ég flutti til Ísafjarðar (og á enn eftir að borga fyrir einn dreng í heilt ár). Þetta er há skattlagning á barnafjölskyldur og gerir róðurinn þungan hjá mörgum þeirra. Síðasta vetur var mikil umræða um leikskólagjöld og mörg bæjarfélög töluðu um það, í aðdraganda kosninganna, að lækka grunn gjaldið (ekki bara systkinaafslátt) og hafa síðasta

árið ókeypis. Nágrannasveitarfélagið Súðavík gekk svo langt að leggja öll leikskólagjöld niður og rukka bara fyrir matinn. Nú er svo komið að Ísafjarðarbær þarf að fara að huga að barnafjölskyldum. Lækkið leikskólagjöldin, með því hvetjið þið til frekari barn-eigna í bænum ásamt því að laða að nýtt fólk.“

Í málefna- samningi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem undirritaður var að Skrúði í vor segir að leikskólavist verði gjaldfrjálst fyrir fimm ára börn og leikskólagjöld lækkuð frá og með áramótum 2006/2007. Þá að vinna að því að ríkisvaldið viðurkenni að leikskóli fyrir



Leikskólinn Sólborg.

fimm ára börn eigi að vera hluti af skólakerfinu og sveitarfélög fái auknar tekjur vegna þess. Auk þess verður dag-

mæðrakostnaður jafn leikskólakostnaði frá og með áramótum 2006/2007.

— *eirikur@bb.is*

### Sælkeri vikunnar · Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir á Reykhólum

## Salsafiskur og piri piri kartöflur

Suðrænn bragur er á uppskrift sælkerans að þessu sinni en hún býður upp á Salsafisk og piri piri kartöflur. Ásta Sjöfn segir að kartöflurnar eru alveg frábært meðlæti með Salsafiskinum og gott salat með. Rétturinn er einfaldur í matseld en hefur á sér framandi yfirbragð.

### Salsafiskur

Spínat  
4-5 tómatar  
600 g Ýsa  
Salsósósa  
Fetaostur  
Salt og pipar

Setjið ferskt spínat í eldfast mót (ca. ½ poki frá Ferskt og gott), skerið tómata og niður í sneiðar og raðið yfir spínatið. Skerið fiskinn niður í bita og steikið á pönnu með salt og

pipar, ca. 2 mín hvor hlið. Raðið síðan bitunum ofan á tómata og spínatið. Setjið 1 msk. af salsósósu á hvern fiskbita og hellið síðan ½ krukku af fetaosti yfir og bakið í ofni í ca. 10 - 15 mínútur.

### Piri piri kartöflur

Bökunarkartöflur  
Piri piri krydd  
Ólífuolífa  
Skerið bökunarkartöflur

niður í báta og setjið í eldfast mót. Kryddið þær með piri piri kryddi frá pottagöldrum og örlítið af ólífuolífa. Bakið í ofni í ca. 30 mín eða þar til að þær eru orðnar fallega brúnar.

Ég ætla að skora á Sigurbjörgu Daníelsdóttur og Halldór Óskar Sigurðsson framkvæmdastjóra Þörungarverksmiðjunnar.





# mannlífíð

Abendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn  
10. ágúst, 224. dagur ársins 2006

**Pennan dag** árið 1927 lést Stephan G. Stephansson  
skáld, 73 ára. Hann flutti ungur vestur um haf og bjó  
lengi við Klettafjöll.

**Pennan dag** árið 1930 fór Súlan í fyrsta sjúkraflugið  
hér á landi. Flugvélin fór frá Reykjavík, lenti á Meðal-  
fellsvatni í Kjós og sótti veikan pilt.

**Pennan dag** árið 1984 hlaut Bjarni Friðriksson brons-  
verðlaun í 95 kg flokki í júdó á Ólympíuleikunum í Los  
Angeles í Bandaríkjunum. Áður hafði aðeins einn  
Íslendingur hlotið ólympíuverðlaun.

**Pennan dag** árið 1986 var lágmynd af G. Schierbeck  
landlækni afhjúpuð ú Fógetagarðinum í Reykjavík.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 28 árum



## Farið fram á þyngingu

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað til Hæstaréttar dómum yfir sex af þeim sjö ungmönnum, sem hlutu dóma í Geirfinns- og Guðmundarmálum í sakadómi Reykjavíkur í desember sl. Í áfrýjunarstefnu er farið fram á staðfestingu á dómunum yfir Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Ciesielski, en þeir hlutu lífstíðarfangelsi, en farið er fram á þyngri dóma yfir Tryggva Rúnari Leifssyni, sem dæmdur var í 16 ára fangelsu, Guðjóni Skarphéðinssyni, sem dæmdur var í 12 ára fangelsi, Erlu Bolladóttur sem dæmd var í 3ja ára fangelsi og Albert Klahn Skaptasyni, sem dæmdur var í 15 mánaða fangelsi. Fjórir hinna dómfelldu, Sævar, Kristján, Tryggvi og Guðjón höfðu óskað eftir áfrýjun en Erla og Albert ekki. Samkvæmt lögum var saksóknara skylt að áfrýja dómunum yfir fjórum fyrstnefndu mönnum, þar er þeir hlutu lengri dóma en 5 ára fangelsi.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað að mestu en stöku skúrir á vesturluta landsins. Hiti 10-16 stig.

### Horfur á laugardag:

Breytileg átt og víða vætusamt og milt í veðri.

### Horfur á sunnudag:

Breytileg átt og víða vætusamt og milt í veðri.

### Horfur á mánudag:

Útlit fyrir stífa norðanátt með vætu norðantil, en þurru sunnanlands. Kólnandi veður.

## ● Spurning vikunnar

Hefur þú ferðast innanlands í sumar?

**Alls svöruðu 478. – Já sögðu 382 eða 80%  
– Nei sögðu 96 eða 20%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## ● Hvað er að fréttu? • Jóhann Hinriksson, forstöðumaður Safnahússins

# Óvenju mikill straumur ferðafólks

Það er allt gott að fréttu frá Safnahúsinu. Það hefur verið óvenju mikill straumur ferðamanna í sumar. Það tengist komum skemmtiferðaskipa, því fleiri skip sem koma því fleiri gestir koma til okkar. Það kemur til að skoða og fara á netið og þess háttar. Aðsóknin á sumrin byggist á túristum en svo snýst það við þegar skólarnir byrja á haustin. Þá fara heimamennirnir aftur að lesa bækur. Svo vorum við að prófa að hafa opið á sunnudögum, það var nú ekki mikil aðsókn en þetta var tilraunastarfsemi. Það er orðið ljóst að við þurfum að hafa opið meira á daginn, því það er of lítið að hafa opið sex tíma á sólarhring. Það verður skoðað með haustinu hvort opunartíminn verði lengdur. Slíkt mun kosta peninga, en þeim er vel varið. Svo höfum við verið með slæðing af sýningum. Nú standa yfir sýningar á vegum Fornleifastofnunar og „lókal“ tréskurðarlistamanns. Í byrjun september opnar svasýning á þrjónlesi. Við höfum bætt við fullt af glerskápum svo það er hægt að hafa ýmislegt til sýnis fyrir utan sýningarsalinn.



# Ísafjörður vagga Mýr- arboltans á Íslandi

Mýrarboltinn er óvenjuleg íþrótt sem hefur hlotið mikla athygli á landsvísu, en á laugardag verður Mýrarboltamótið haldið í þriðja sinn á Ísa-firði. Mýrarboltafélag Íslands heldur mótið en baki þess eru þrjú menn; Jóhann Bæring Gunnarsson formaður, Rúnar Óli Karlsson ritari og Jón Páll Hreinsson gjaldkeri. Bæjarins besta hitti kappana viku fyrir mót.

– Hvernig leggst komandi mót í ykkur?

„Þetta leggst vel í okkur en eins og Íslendinga er siður er fólk lengi að skrá sig. En við vitum af mörgum sem áforma að taka þátt. Nú eru 15 lið búin að skrá sig. Við erum að vonast eftir því að um það bil 25 lið taki þátt. Við höfum meðal annars heyrt af tveimur kvennaliðum sem eru að æfa í laumi í mýri í öðrum firði, svo að stelpurnar koma sterkar inn. Það er mjög skemmtilegt“, segir Rúnar Óli.

– Mótið hefur vakið mikla athygli, finnið þið fyrir meiri áhuga nú en undanfarin tvö ár?

„Já, alveg greinilega. Á sama tíma í fyrra var einungis eitt lið búið að skrá sig en dagana fyrir mót tók skráningin við sér. Það voru meira að segja lið sem mættu bara á staðinn og vildu fá að taka þátt, en það bara gengur ekki. Það þarf að skipuleggja svona mót og raða niður í riðla og slíkt. Við leggjum því mikla áherslu á að fólk skrái sig svo að við getum undirbúið þetta almennilega. Það er ekki hægt nema að vita hversu margir taka þátt“, segir Rúnar Óli.

– Mótinu hefur vaxið ásmegin með hverju árinu, hversu stórt haldið þið að það verði?

„Við sjáum það fyrir okkur að þetta verði stór viðburður á landsvísu og stefnum að því að halda það um verslunarmannahelgi á næsta ári. Það er stórt skref því að helgin er þéttsetin og gríðarlega mikið að gerast. Okkur finnst því að við verðum að ná töluverðri stærð áður en við þorum að leggja í stóru fiskana“, segir

Rúnar Óli.

„Við sjáum fyrir okkur að þetta verði á milli 1000 til 2000 manna mót. Við teljum að það sé fin stærð. Innviði bæjarins, hvað varðar gistingu og annað, hentar mjög vel fyrir þá stærð. Það er markmiðið auk þess að gera það að sjálfbæru móti. Við höfum vakið yfir þessu og lagt mikla vinnu í þetta, við höfum gert mikið fyrir mjög lítið fé“, segir Jón Páll.

„Það tekur tíma að fá styrktaraðila fyrir svona mót en góð fjölmiðlaumfjöllun hjálpar til og við höfum fengið hana. T.d. ætla Stöð 2 að gera sjónvarpsþátt um mótið. Það mun skila sér á næsta ári í auknu fé“, segir Rúnar Óli.

– Mýrarboltamót Íslands var stofnað í ár, hversu miklu máli skiptir það fyrir mótið sjálf?

„Það skiptir öllu máli. Bæði rekstrarlega og það að geta rekið þetta á kennitölu eykur trúverðugleika. Við erum samt ekki að reka þetta sem fyrirtæki, það er í samþykktum félagsins að ef það verður hagnaður af mótinu rennur hann til góðgerðamála. Við erum allir bara áhugamenn um viðburði í Ísafjarðarbæ og viljum efla samfélagið með því

að byggja upp sterkan viðburð. Af því skapast reynsla og þekking. Að stofna félag sem heldur fundi og gerir er uppgjör eftir hvert mót gerir þetta allt að traustari maskínu. Þó svo að það sé þröngur kostur þá verður samt að framkvæma þetta af alvöru“, segir Jón Páll.

## Meðbyr frá samfélaginu

„Við kynntumst Mýrarboltanum í gegnum Evrópuverkefnið Usevenum sem snýst um viðburðaskipti. Það stílar inn á þróun nýrra og eldri viðburða. Flaggskip Finna í þessu verkefni var í raun Mýrarboltinn. Við fengum leyfi til þess að nýta þeirra þekkingu og forma þeirra hugmynd að okkur. Það er að sýna sig í dag að viðburðir skipta gríðarlegu máli til að laða að ferðamenn og bæta ímynd staðarins. Þetta getur líka skapað mikla penningu eins og sjá má í Finnlandi þar sem Mýrarboltinn er að afla hundruð milljónum fyrir samfélag sem að af svipaðri stærð er okkar.“

– Er Mýrarboltinn stundaður einhvers staðar annars staðar en í Finnlandi og á Íslandi.

„Já, það er í Svíþjóð, Skot-

landi og nú síðast að ég held í Þýskalandi“, segir Rúnar Óli. „Við höfum fengið óstaðfestar fregnir af því að Mýrarboltinn sé víða um Evrópu og víðar, eins og t.d. í Brasilíu“, segir Jón Páll.

„Mótið var búið að sprengja utan af sér í Finnlandi og þar sem þeir gátu ekki stækkað það meira var brugðið á það ráð að hefja útbreiðslu“, segir Rúnar Óli.

„Aðalatriðið við að halda svona mót er stemmningin sem skapast í kringum það. Þessi tvö ár sem við höfum haldið það hefur myndast gríðarlega mikil stemmning“, segir Jón Páll.

„Sérstaklega hjá keppendum þó að áhorfendur skemmti sér að sjálfsgöðu líka. Það er alltaf mjög gaman á Mýrarboltanum“, segir Jóhann Bæring.

„Fyrst þegar venjulegur fótbolti kom upp á sjónarsviðið var hlegið að þessari skrifnu íþrótt og sömu sögu er að segja af golfi. Kannski eru einhverjir sem líta þannig á Mýrarboltann í dag en það er ekkert lögmál sem segir að hann geti hreinlega ekki orðið að vinsælli íþróttagrein. Ég er ekki að segja að Mýrarboltinn verði jafn vinsæll og golfið, en engu



Frá síðasta Mýrarboltamóti.

## Litirnir fallegir í Kaldalóni



„Það er erfitt að nefna uppáhaldsstaðinn innanlands því að þeir eru nú ansi margir. Mér finnst mjög fallegt í Kaldalóni, það kemur fyrst upp í hugann. Umhverfið er svo fallegt og litirnir í náttúrunni þar. Ég fer þangað alltof sjaldan en hef þó farið þangað nokkrum sinnum. Mér finnst líka alltaf mjög gaman að koma norður á Strandir og í Kaldbaksvíkina. Ég hef komið þangað nokkrum sinnum. Mér finnst mjög gaman að ferðast og geri þó nokkuð af því, en ég veit þó ekki hvort það sé.“



## Menntun hefst við fæðingu

Óteljandi fjöldi vísindalegra rannsókna hafa viðurkennt mikilvægi þess að börn fái örvin og kennslu á fyrstu árum sínum. Í dag eru nánast allir fræðimenn í þroskafræðum sammála um að strax við fæðingu er heili mannsins hannaður til að taka við upplýsingum frá umhverfinu. Margt þarf að læra til að sjálfstæði sé náð. Íslendingar hafa í þessum efnum sem öðrum verið fljótir að tileinka sér nýja þekkingu og aðferðir til þess að veita ungum börnum það umhverfi sem gefur þeim kost á að tileinka sér hæfileika og færni. Sveitarfélög um allt land hafa sett mikinn metnað í að búa til sterka umgjörð fyrir leikskólann. Ísland er eina þjóðin á Norðurlöndum sem hefur viðurkennt leikskólann sem fyrsta skólastigið og hefur því verið leiðandi í að kynna og miðla reynslu um þessa farsælu stefnumótun.



Mennirnir að baki Mýraboltans, Jón Páll Hreinsson, Jóhann Bæring Gunnarsson og Rúnar Óli Karlsson.

að síður gæti hann náð langt“, segir Rúnar Óli.

„Eini Íslandsmeistaratitillinn sem komið hefur í knattspyrnu á Ísafirði í áratugi var í Mýraboltanum“, segir Jóhann Bæring.

„Það verður aldrei tekið af okkur að vaggja Mýraboltans á Íslandi var á Ísafirði“, skýtur Jón Páll að.

„Já, og það er alveg ljóst að ef við hefðum ekki gert þetta hefðu einhverjir aðrir gripið tækifærið. Það var bara spurning um tíma“, segir Rúnar Óli.

„Þó við séum að eyða miklum tíma og þetta geti verið óttalegt basl þá er mjög gaman að standa að þessu. Ég er farn að hlakka mikið til á laugardaginn. Á mótsdaginn er stanslaust fjór frá morgni til kvölds“, segir Jón Páll.

„Síðustu dagarnir fyrir mót eru samt ansi strembnir og margt sem þarf að huga að. Undirbúa völlinn, það þarf að plægja hann og vökva. Þetta mót gæti ekki verið haldið ef

ekki væri fyrir þá aðila sem styrkja það, ekki með pening heldur með vinnu sinni. Slökkviliðið kemur og vökv-ar völlinn, K.N.H. kemur með mannskap og tæki og þetta myndi kosta fleiri hundruð þúsunda króna ef við þyrftum að borga fyrir það. Maður finnur svo mikinn meðbyr í samfélaginu og allir eru tilbúnir að leggja hönd á plóginn“, segir Jóhann Bæring.

„Þess vegna er líka hægt að halda svona viðburði hér í bæ, við þurfum ekki að kaupa iðnaðarmenn og borga allt á uppsprengdu verði. Það er sama stemning þegar kemur að öðrum viðburðum líka. Við erum mjög þakklátir fyrir þetta en þegar mótið er orðið sjálfbært þá er hægt að borga fólki fyrir vinnuna. En á meðan við erum að byggja þetta upp erum við mjög þakklátir fyrir þessa aðstoð því án hennar væri þetta ekki mögulegt“, segir Jón Páll.

„Sem dæmi má taka að í fyrra fengum við Feita félagið til þess að sjá um dómgæsluna. Þessar gömlu hetjur sem eru búnir að standa sína plikt í mörgu í gegnum tíðina. Allir sem við höfum leitað til í samfélaginu hafa verið fúsir til að gefa tíma og vinnu til þess að hjálpa okkur. Ég tek undir með Jóni að maður er mjög þakklátur fyrir það, því þetta er ómetanlegt“, segir Jóhann Bæring.

– Þannig að Mýraboltinn hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður, en hvernig sjáid þið fyrir ykkur mótið fimm ár fram í tímann?

„Stórt mót með yfir þúsund þátttakendum. Eins og við sögðum áðan þá erum við að spá í að færa mótið yfir á verslunarmannahelgina en það er ekkert víst að það gangi upp. Þetta er líka spurning um hvaða markhóp við erum að reyna höfða til. Mín skoðun er sú að ef við náum að þróa boltann áfram er hann vel samkeppnis-

hæfur við viðburði sem eru að gerast á verslunarmannahelgi. Við höfum nú þegar fundið fyrir áhuga hjá tónlistarmönnum sem vilja koma og spila fyrir þátttakendum og áhorfendum Mýraboltans. Það er einmitt það sem gerist að fullt af hlutum þrjónast í kringum svona viðburð. Sem dæmi ætla kaffihúsgestir Langa Manga að mæta með tvö lið en auk þess ætla þeir að slá upp tjaldi þar sem spáð verður í bolla og annað. Það er rosastemning sem myndast í kringum þetta“, segir Jóhann Bæring.

„Svo hef ég heyrt að það sé mikill metnaður hjá þátttakendum að hljóta búningaverðlaunin. Hjá einu liði var haldinn einn fundur um liðaskipan en þrjár til þess að ákveða búningana. En þeir sem eru í bestu búningunum fá verðlaunin“, segir Jón Páll.

„Þetta sport er líka fyrir alla. Maður þarf ekki að vera knattspyrnumaður til þess að geta

leikið Mýrabolta. Það er ekki nauðsynlegt að vera góður í fótbolta til þess að vera góður í Mýraboltanum, þó það hjálpi ef til vill eitthvað til. En það er ekki það sem Mýraboltinn snýst um.

Við höfum haft 18 ára aldurstakmark en einstaka liðum hefur verið veitt undanþága. Við leyfum það ef þau eru í fylgd með forráðamönnum“, segir Jóhann Bæring.

„Þátttakendum voru frá aldrinum 18 ára og upp í fimmtugt í fyrra. Við erum líka að vinna í umgjörð mótsins. Að fá m.a. klósett, heitar sturtur og áhorfendapall til þess að gera þetta allt notalegra“, segir Rúnar Óli.

„Aðgangseyrir er 3000 krónur og þær fara allar aftur til þátttakandans og ríflega það. Féð rennur til þjónustu og umgjörð mótsins. Svo er náttúrulega lokahófið hefur alltaf verið stórskemmtilegt. Þetta er allt mjög gaman“, segir Jón Páll.

## Stjórnin í Súðavík

Hljómsveitin sívinsæla Stjórnin heldur dansleik í íþróttahúsinu í Súðavík nk. laugardagskvöld. Stjórnin er ein af vinsælustu sveit landsins og á ógrynni laga sem eru orðin sígild. Þetta verður eina ballið sem hljómsveitin heldur í sumar en Sigríður Beinteinsdóttir söngkona á ættir sínar að rekja til Súðavíkur.

Stjórnin er skipuð Sigríði sem mun sjá um sönginn ásamt Grétari Örvarssyni sem einnig leikur á hljómborð, Kristjáni Grétarssyni spilar á gítar, Sigfúsi Óttarssyni á trommur, Jóhanni Ásmundasyni á bassa og Einarí Braga Bragasyni á saxófón. Dansleikurinn verður haldinn í tengslum við menningarhátíðina Listasumar.

## Ingólfur formaður KFÍ

Ingólfur Þorleifsson var kjörinn formaður KFÍ á aukaaðalfundi félagsins sem haldinn var undir lok síðustu viku, en nokkur krísa hefur ríkt hjá félaginu síðan að Karl Jónsson sagði embættinu lausu skömmu eftir kjör sitt á síðasta aðalfundi.

Þá gerðust þær breytingar á stjórn félagsins að Guðríður Sigurðardóttir, sem gegnt hefur starfi varamanns í stjórn, baðst lausnar og Sævar Óskarsson kom í hennar stað. Auk þess sem ofanþefndar kosningar fóru fram voru rædd leikmannamál hjá liðinu, en til stendur að ráða makedóníska þjálfarann Borce Ilievski til þess að þjálfva unglíngalið KFÍ.

## GB gerir samning við GK

Golfklúbbur Bolungarvíkur hefur gert samning Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar um gagnkvæma afslætti af vallargjöldum á golfvöllum félaganna.

Samningurinn er þannig að félagar í Golfklúbbi Bolungarvíkur fá 50% afslátt af vallargjöldum á Vífilstaðavelli gegn framvísun félagskkrteinis.



## 26 börn komin í heiminn

Tuttugu og sex börn hafa fæðst á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði það sem af er ári. Þá höfðu 20 börn fæðst um mánaðamótin sem er sami fjöldi og 1. júl í fyrra.

„Júlímánuður var rólegri á síðasta ári en það stefnir í svipað ár og í fyrra, og búumst við að fæðingar verði á bilinu um 50-60“, segir Brynja Pála Helgadóttir ljósmóðir.

Þá hafa 14 strákar og 12 stelpur fæðst í ár. „Það hefur verið strákahrina upp á síðkastið hjá okkur en þegar uppi er staðið er kynskiptingin alltaf mjög jöfn. 53 börn fæddust á Ísafirði árið 2005 sem er heldur færra en árið þar á undan þegar 61 barn fæddist.

## Halldór ætlar ekki á þing

Sá orðrómur hefur verið uppi um að Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar muni setjast á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar og þá væntanlega í einhver af efstu sætum.

Halldór segir að ekkert sé til í þessum vangaveltum. Hann hafi ekki verið beðinn að taka sæti á listanum, hann hafi ekki verið að huga það og ef til þess kæmi að falast verður eftir því að hann byði sig fram, myndi hann afþakka það.

## Bílstuldur í Bolungarvík

Tilkynnt var um bílstuld á Bolungarvík á laugardagsmorgun og fannst bíllinn óskemmdur með lykklunum í, á Ísafirði. Sama dag var farið með eins árs gamalt barn frá Súðavík á sjúkrahúsið á Ísafirði sem hafði brennst á hálsi og bringu eftir sjóðheitt kaffi. Bruninn var að mestu 1. stígs en eitthvað var um 2. stígs bruna.

Þá þurfti lögreglan að hafa afskipti af ofurölvu unglingsstúlku á Þorska-fjarðarheiði. Var hún í bíl með félögum sínum sem lögreglan stöðvaði og var hún færð til síns heima.

# Skortir heildarsýn í málefnum Jökulfjarða og friðlandsins

Baldvin Kristjánsson margreyndur leiðsögumaður segir að Ísfirðingar séu að glata tækifærum í ferðamennsku með framkvæmdum og aðgerðarleysi í verndun Jökulfjarða og skort á heildarstefnu fyrir óbyggðir svæðisins. Hann segir að reglan sé sú að því ósnortnari sem svæðin séu þeim mun meira er fólk tilbúið

að borga fyrir ferðirnar.

„Ég fór í ferð í sumar til Kamtsjatka og fólk var að borga sjö þúsund dollara fyrir vikufé. Óbyggðarferðir og hverslags náttúruferðir eru nú þegar stór hluti af markaðnum og fer ört stækkandi og ég óttast að Ísfirðingar og í raun og veru landsmenn allir séu að missa af miklum tækifæ-

rum með hugsunarhætti sínum.“ Baldvin segir að kunnar þess hve lítill partur af svæðinu eru óbyggðir. „Að sögn Baldvins verða yfirvöld og landeigendur að gera upp við sig hvort að vernda eigi svæðið fyrir frekari framkvæmdum eða að halda áfram á sömu braut og segist hann þess fullviss að mörg tækifæri séu í

á hennar vegum. Ekki var frekari áhugi á svæðinu vegna þess hve lítill partur af svæðinu eru óbyggðir.“ Að sögn Baldvins verða yfirvöld og landeigendur að gera upp við sig hvort að vernda eigi svæðið fyrir frekari framkvæmdum eða að halda áfram á sömu braut og segist hann þess fullviss að mörg tækifæri séu í

ferðamennsku á svæðinu ef menn sýni framsýni.

Baldvin hefur starfað í mörg ár sem leiðsögumaður og fer með óbyggðapýrsta kajak-ræðara um allan heiminn, m.a. Galapagos, Grænlands og Rússlands. Hann hefur ferðast talsvert um Vestfirði og þá aðallega Hornstrandafriðlandið og Jökulfirði. –smari@bb.is



Miklar framkvæmdir eru á Grunnskólasvæðinu þessa dagana.

# Leggja til að byggingarleyfi vegna viðbyggingar GI verði samþykkt

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur tekið fyrir erindi bæjartæknifræðings þar sem sótt er um byggingarleyfi vegna 2. áfanga framkvæmda við Grunnskólann á Ísafirði, vegna viðbyggingar á milli nýja barnaskólans og gamla barnaskólans við Aðalstræti á Ísafirði. Á fundinum var lagt

fram bréf frá húseigendum að Silfurgötu 1 þar sem fram kemur að þeir telji fjarlægð á milli húsanna vera of litla, og að hún standist ekki byggingarreglugerð. Umhverfisnefnd fjallaði um erindi þeirra og benti á að fjarlægð á milli grunnskólans og Silfurgötu 1 er meiri en sú fjarlægð sem

var á milli Silfurgötu 1 og Aðalstrætis 32. Þá lagði nefndin til að byggingarleyfið verði samþykkt, og vísaði til byggingarreglugerðar.

Eins og áður segir á að byggja nýja tengibyggingu á milli nýja barnaskólans og þess gamla og mun því núverandi tengibygging víkja. Einn-

ig er áætlað að byggja viðbyggingu við gamla barnaskólann í áttina að húsinu sem áður hýsti verslunina Björnsbúð en hýsir nú hárgreiðslustofu og verslun á jarðhæð. Vestfirskir verktakar voru lögstjóðendur í verkið og sjá um framkvæmdina sem á að vera tilbúin haustið 2008. Þá

er einnig að vera rífa upp Kaupfélagsplanið en það hefur verið leiksvæði grunnskólanna undanfarin ár en gamalt malbik var á því ásamt því að það var steipt að hluta en helluleggja á planið og mun það áfram vera leiksvæði nemandanna skólans.

– eirikur@bb.is

# Arnarhreiðrum spillt af mannavöldum

Þremur arnarhreiðrum í Breiðafirði var spillt í sumar sem á sinn þátt í því að arnarvarp í ár er eitt það lakasta í 20 ár. Þetta kemur fram í frétt á mbl.is þar sem haft er eftir Jóhanni Óla Hilmarssyni, for-

manni Fuglaverndarfélagss Íslands, að hann telji miklar líkur á því að hreiðrunum hafi verið spillt af mannavöldum og eggjunum stolið.

„Þetta getur haft mikil áhrif enda er um að ræða stórt hlutfall af hreiðrunum,“ segir Jóhann Óli í samtali við mbl.is.

Að sögn hans eru arnarhreiður afar viðkvæm og ekki þarf mikið að koma til svo varp þeirra misfarist. „Það er nóg að sigla fram hjá þegar ernirnir liggja á eggjunum en menn hafa einnig stundað það að setja út gasbyssur til þess að

halda geldörnum í fjarlægð. Svo er það til að menn hreinlega renni hreiðrin.“

Um þrjátíu arnarungar hafa komist upp árlega undanfarin ár og heldur arnarstofninn á landinu því áfram að styrkjast og hefur ríflega þrefaldast á

síðastliðnum 40 árum. Að sögn Jóhanns Óla ætti bakslag í varpi þetta árið ekki að setja strik í reikninginn varðandi þá þróun en það skipti hins vegar miklu að varpið gangi vel að ári.

– thelma@bb.is